

þess, sem veldur því að vér höfum eina skoðun fremur en aðra, sem kemur oss til að velja eina hugmynd en hafna annari. Þetta sést hvergi betur en þar sem einhver ný hugmynd ryður sér til rúms á meðal annara eldri. Þær hugmyndir sem fyrir eru, hafa ákveðið gildi. Þær mynda hugsanalíf þess, sem hefir þær. Frá hans sjónarmiði eru þær sannar. Nýja hugmyndin, sem við bætist breytir að einhverju leyti gildi hinna gömlu. Ef hún gerði það ekki þá væri hún nákvæmlega hin sama og þær, sem fyrir eru. En breytingin, hvort sem hún er mikil eða lítil, verður altaf á þann hátt, að það af gömlu hugmyndunum, sem mest gildi hefir er varðveitt, og sett í samband við hina nýju hugmynd. Það er alt undir gildi hinnar nýju hugmyndar komið, skoðað frá sjónarmiði hvers einstaklings, hversu vel henni tekst að sigrast á eldri hugmyndunum, sem eru henni ósamrím-anlegar. Það liggur þá í augum uppi, að hver sú skoðun eða hugmynd, sem ekki snertir að neinu leyti líf vort og einstak-lingstilveru hvers um sig, er þýðingarlaus, hefir ekkert gildi af neinni tegund fyrir oss. Hugsum oss t. d. að vér öll sem hér erum stödd hefðum þá skoðun að umhverfis norðurheimsskaut-ið sé autt haf, og ennfremur, að vér værum öll öldungis viss um að ekkert okkar muni nokkrusinni fara í norðurheimskautsför. Hvaða þýðingu gæti sú skoðun haft fyrir oss? Gæti hún á nokk-urn hátt breytt hugarfari voru? Gæti hún aukið kosti vora eða minkað galla vora á nokkurn hátt? Gæti hún breytt afstöðu vorri gagnvart öðrum mönnum hið minsta? Ef hún gerði ekk-ert af þessu, væri oss ekki alveg eins gott að trúa því að um-hverfis norðurheimskautið væri ís og ekkert opið haf? Einhver mun svara því að vér trúum því sem oss þyki sennilegast. Auð-vitað gerum við það. En hversvegna virðist oss eitt sennilegra en annað? Vegna þess að sá sannleikur, sem vér þykjumst þar sjá hefir þýðingu fyrir oss og aðra meiri en þá sem felst í því, að það er satt en eitthvað annað er ósatt. Þannig t. d. stend-ur alveg á sama hvort það er autt haf í kringum norðurheim-skautið eða ísbreiða. Vér getum sagt að þar sé ísbreiða, það sé hverjum manni auðskilið. En hvaða gildi hefir sá sannleikur fyrir oss? Ekkert, nema því aðeins að um leið sé hægt að sanna